

Jafnlaunastefna Regins hf.

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) hefur sett sér eftirfarandi jafnlaunastefnu í samræmi við réttindi og skyldur samkvæmt ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna auk annarra laga og reglugerða sem settar eru á sama grundvelli. Auk þess byggir stefnan á jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Jafnlaunastefna þessi er hluti af starfskjarastefnu félagsins.

Markmið með stefnunni er að tryggja jafnræði við ákvörðun launa og sjá til þess að allir starfsmenn njóti jafnra kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum kjörum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Viðmið við ákvörðun launa mega ekki fela í sér kynjamismun.

Starfandi hjá félaginu er jafnréttisfulltrúi. Fulltrúanum er falið, í umboði forstjóra, að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi félagsins, þ.m.t. hafa eftirfylgni með viðeigandi aðgerðum og bregðast við athugasemdum og frávikum.

Reginn hefur tileinkað sér öguð og fagleg vinnubrögð við launasetningu. Við ákvörðun launa og fríðinda hjá félaginu er m.a. litið til ákvæða fyrrnefndra laga. Félagið hefur lokið forúttekt á jafnlaunakerfi félagsins og áætlað að fara í vottunarúttekt á árinu 2021.

Forstjóri, eða eftir atvikum framkvæmdastjórari og/eða jafnréttisfulltrúi, bera ábyrgð á því að jafnlaunastefnu þessari sé framfylgt og skulu bregðast við óútskýrðum launamun komi upp slík tilvik. Niðurstöður árlegrar launagreiningar skal kynna fyrir starfsfólki. Sé þörf á úrbótum skal jafnréttisfulltrúi leggja fram tillögur að úrbótum. Forstjóri skal yfirfara tillögur að úrbótum og samþykkja viðeigandi aðgerðir sem hann telur líklegar til að ná fram markmiðum eða úrbótum.

Jafnlaunastefnan skal samþykkt af stjórn félagsins og tekin til endurskoðunar ár hvert.

Þannig staðfest af stjórn Regins hf. þann 5. febrúar 2021


Albert Þór Jónsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson



Handwritten signatures of the board members: Albert Þór Jónsson, Bryndís Hrafnkelsdóttir, Guðrún Tinna Ólafsdóttir, Heiðrún Emilía Jónsdóttir, and Tómas Kristjánsson.